
1941 nr. 29 27. júní
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til
að taka á leigu húsnæði í sveitum og
kaupúnum o.fl.

Tóku gildi 30. júní 1941.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum og kaupúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús

að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra, þeim til öryggis. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

■ **2. gr.** Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóvember 1917.¹⁾

¹⁾ Ná l. 11/1973.